Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um sölu á skógarparti tilheyrandi Reynivallakirkju — Samkvæmt allrapegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 13. maí þ. á. hefur hans hátign konunginum þóknast 16. þ. m. allramildilegast að fallast á, að skógarpartur sá, tilheyrandi Reynivallakirkju, er getur um í nefndu brjefi yðar og sem liggur í landi jarðarinnar Vatnshorns í Skorradal í Borgarfjarðarsýslu, verði seldur eiganda jarðarinnar Vatnshorns fyrir 150 kr. **92** 17. júlí.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Brjef landshöfðingja *til verzlunarstjóra V. Claessens* um atkvæðagreiðslu kjósenda í þeim kjördæmum, þar sem kjósa á 2 menn til alþingis. — Útaf fyrirspurn yðar í brjefi dagsettu 17. f. m. vil jeg tjá yður, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að sú skoðun kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu, sem kom fram í úrskurði hennar á kjörfundi til alþingis að Sauðarkrók 9. s. m., að í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, eigi hver kjósandi, sem vill neyta kosningarrjettar síns, að gefa tveimur þingmannaefnum atkvæði sitt, og að atkvæði hans að öðrum kosti verði ekki tekið til greina, sje rjett og samkvæm kosningarlögum til alþingis 14. september 1876, 31. gr. síðasta kafla. **93** 26. júlí.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* um reikninga yfir útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dagsettu 22. marzmán. þ. á., vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg er yður samdóma um, að rjettast sje, að reikningar sýslumanna og bæjarfógeta fyrir útflutningsgjaldi af fiski, lýsi o. fl. sjeu, á sama hátt og aðrir reikningar þeirra fyrir landssjóðstekjum, sendir hlutaðeigandi amtmanni áleiðis til landshöfðingja svo sem mælt er fyrir í reglugjörð 13. febrúar 1873, 2. gr. **94** 26. júlí.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* um eptirgjöf vaxta af hallærisláni. — Í tilefni af bónarbrjefi frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, sem hann hefir sent hingað beina leið, og að þar til fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland, veiti jeg hjermeð Skagafjarðarsýslu, samkvæmt 4. gr. fjárlaganna, eptirgjöf á leigum til ársloka 1887 af hallærisláni því, 1000 kr., er sýsla þessi hefir fengið úr landssjóði, samkvæmt skuldabrjefi 26. júní 1884, móti því, að frá þeim tíma greiðist af láni þessu 4% í leigur árlega og að 1/8 hluti þess endurgreiðist síðan á ári hverju. **95** 3. ágúst.

Þetta undanfelli jeg eigi að kunngjöra yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd.

Samþykkt fyrir Stokkseyrarhrepp um fiskiveiðar á opnum skipum. Samkvæmt lögum nr. 28. 14 des. 1877 hefir sýslunefnd Árnessýslu gjört eptirfylgjandi **96** 10. júlí.

»Samþykkt

um ýmislegt, er að fiskiveiðum á opnum skipum lýtur í veiðistöðunum í Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu.

27. dag ágústmán.. 1886.

Reykjavík 1886. Prentsmiðja Ísafoldar.